

**Ed.**

**38. Þingsályktun**

um, að landsstjórnin tryggi veðurstofunni meiri veðurfregnir frá Grænlandi.

(Afgreidd frá Ed. 19. febrúar).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að freista að ná samkomulagi við dönsk stjórnarvöld um, að loftskæptastöðin í Julianehaab á Grænlandi sendi hingað veðurskeyti síðari hluta dags, til þess að veðurstofan hafi betri ástæður til að sjá fyrir óveður og vara sjómenn við hættu. Ætlast er til, að þessu verði komið í lag svo fljótt, að gagn megi að verða nú á vertíðinni.